



Læknafélag Íslands  
Guðmundur Björnsson  
Hlíðasmára 8  
200 Kópavogur

Dagsetning  
16. mars 1998

Tilvisun  
98030219  
571.0

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 122/1257*  
*komudagur 18.3.'98*

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 12. mars sl., varðandi umferðarslys vegna ölvunaraksturs. Í bréfi yðar kemur fram áskorun til stjórnvalda að gera gangskör að því að athugað verði með hvaða hætti stemma megi stigu við þessum alvarlega vágesti.

Ráðuneytið þakkar áhuga yðar og tillögur í þessu sambandi og tekur heilshugar undir að brýnt sé að beita öllum tiltækum úrræðum til að stemma stigu við ölvunarakstri.

Í skýrslu sem dómsmálaráðherra lagði fram á Alþingi í janúar sl. um stöðu umferðaröryggismála, var gerð grein fyrir þeim verkefnum og megináherslum sem yrðu í umferðaröryggisstarfi á þessu ári. Skýrsla ráðherra var að miklu leyti byggð á áfangaskýrslu umferðaröryggisnefndar. Í skýrslunum kemur fram að meginviðfangsefnin í umferðaröryggismálum árið 1998 séu bílbelti og öryggisbúnaður fyrir börn í bílum, ölvunarakstur, ökuhraði og ungir ökumenn. Í umferðaröryggisáætlun fyrir árin 1997-2001 kemur fram að á árinu 1995 áttu 58 ölváðir ökumenn aðild að umferðarslysum hér á landi. Á tímabilinu 1986-1995 létust 32 hér á landi vegna umferðarslysa sem ölváður ökumaður átti aðild að, eða um 14% allra banaslysa á sama tímabili. Tengslin milli fjölda umferðarslysa og ölvunaraksturs eru því augljós.

Til að taka á þessu vandamáli hefur verið gripið til ýmissa aðgerða. Má þar nefna að breytingar voru á síðasta ári gerðar á umferðarlögum í því skyni að unnt væri að taka upp nýja aðferð til að staðreyna áfengisneyslu ökumanna, þ.e. með öndunarsýni í stað blóðsýnis. Frekari breytingar á umferðarlögum til að tryggja þessa aðferð í sessi eru nú til umfjöllunar á Alþingi. Felur þessi breyting m.a. í sér að unnt er að stunda mun virkara eftirlit með ölvunarakstri, t.a.m. á landsbyggðinni, svo og að hægt verður að ráðast í kerfisbundið eftirlit með virkara hætti en áður.

Ráðuneytið telur rétt að ábendingar yðar verði teknar til nánari skoðunar og hefur af þeirri ástæðu ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem hafa á það hlutverk að leita enn frekari leiða til stemma stigu við ölvunarakstri. Mun starfshópurinn taka til skoðunar hvort rétt sé að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði eða samkvæmt



öndunarsýni, með hvaða hætti unnt sé að herða enn frekar eftirlit með ölvunarakstri og í þriðja lagi hvort herða beri viðurlög vegna ölvunaraksturs. Er gert ráð fyrir að starfshópurinn verði skipaður fimm manns, fulltrúum frá embætti ríkislögreglustjóra, Umferðarráði og heilbrigðisráðuneytinu auk fulltrúa tilnefndum af yður og dómsmálaráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að fulltrúi ríkislögreglustjóra muni stýra vinnu nefndarinnar. Óskað verður eftir tilnefningum í starfshópinn á næstu dögum.

F. h. r.

Afrit:  
Heilbrigðismálaráðherra  
Umferðarráð  
Ríkislögreglustjóri  
Samband íslenskra tryggingafélaga  
Landlæknisembættið